

Fundargerð

30. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í B-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 3. desember 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri og Íris Björg Bryde verkefnastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin. Fundargerðir sem lágu fyrir, báðar samþykktar.

2. RIG

Rætt um einstaka atriði á RIG, undirbúningsferlið, stöðu hvers og eins. Rætt um þátttöku sjálfboðaliða. Keppendalistinn að taka á sig góða mynd og um hörkumót verður að ræða. Formaður þarf að sinna erlendum gestum og nýjan vallarkynni vantar.

3. Formannafundur FRÍ haust 2020 – Uppskeruhátíð 2020

Fundurinn var haldinn 22.11.19 og var gríðarlega vel sóttur til samanburðar við fyrri formannafundi. Fundurinn ályktaði um stöðu þjóðarleikvangs og góð umræða varð einnig undir öllum liðum sem settir voru fram í dagskrá. Niðurstöður voru teknar saman. Góð mæting var á uppskeruhátíðina og tókst hún vel, betri en oft áður. Veitingar og viðurkenningar þurfa að flæða betur saman.

4. Formannafundur ÍSÍ

Formaður gerði grein fyrir formannafundinum hjá ÍSÍ, einstaka atriðum sem m.a. snerta frjálsíþróttahreyfinguna. Rætt um útfærslu á áreitismálum á vegum ÍSÍ og hvernig mennta- og menningarmálaráðuneytið tekur þátt í því verkefni. Rætt um erindi FRÍ til ÍSÍ undir þessum lið um almenningshlaup.

5. Hlaupaverkefnið

Rætt almennt um áframhald af þessu lýðheilsuverkefni og um leið rætt um göngu þ.m.t. þingsályktunartillögu. Rætt um erindi til aðildarfélaga um opnar æfingar.

6. Önnur mál

- Upplýsingamiðlun. Framkvæmdastjóra og verkefnastjóra falið að auglýsa á samfélagsmiðlum eftir starfsmanni í verkefnið 2020 hið minnsta.
- Tímatökumál. Sagt frá fundi um tímatökumál, samning við Timatoku.net. Samningurinn er í yfirferð og endurgerð á vegum gjaldkera og framkvæmdastjóra.
- Stefna FRÍ í unglinamálum. Erindi hafði borist frá unglinganefnd, kynnt, ákveðið að afgreiða það á fundinum. Stjórn samþykkti stefnuna til birtingar.
- Gert grein fyrir því að póstur hafi verið sendur á alla formenn nefnda til að minna á að það styttist í skilin á ársskýrslunni, þingið er eftir 3-4 mánuði.
- Tilkynnt að Hafnarfjarðarbær mun taka á móti FRÍ er varðar ársþingið. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við FH er varðar samstarf um einstaka liði.
- Nordic Congress. Rætt og kynnt.
- Vinnufundur. Ákveðið að hafa vinnufund stjórnar þriðjudaginn 17.12.19 kl. 18.00.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:05 með því að leynigesturinn Freyja las úr gömlum tímaritum.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.